



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2022

LÍOL2IL05

Kennari	Kristjana Hildur Gunnarsdóttir kristjana.gunnarsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Mánudagar kl. 9.20 -10.00	
Námsefni	Introduction to the Human Body eftir Tortora og Derrickson Litabók – Bóksala FS Fyrirlestrar á Innu Trélitir (minnst 12 stk.)	
Áfangalýsing	Markmið áfangans er að nemendur öðlist þá grundvallarþekkingu og skilning á byggingu og starfsemi mannslíkamans, sem er nauðsynleg fyrir frekara nám og störf á heilbrigðissviði. Farið er í byggingu og starfsemi hringrásakerfis: blóð, hjarta, blóðæðar, blóðþrýstingur og stjórnun hans; vessakerfis: vessalíffæri, varnir, ónæmi; öndunarkerfis: öndunarvegur, lungu, öndunarhreyfingar, loftskipti, stjórnun öndunar; meltingarkerfis: aðal-og aukalíffæri meltingar, melting og stjórnun hennar; þvagkerfis: nýru, þvagblaðra, þvagpípur, þvagrás, þvagmyndun; æxlunarkerfis: innri og ytri kynfæri, myndun kynfrumna, kynhormón, tíðahringur. Auk þess er farið í grundvallaratriði fósturþroska. Fjallað er um hvernig starfsemi allra líffærakerfanna tengist innbyrðis og hvernig hún viðheldur innri stöðugleika líkamans. Öll líffærafræðileg umfjöllun gengur út frá latneskri nafngiftafræði	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Ná þarf að lágmarki 5,0 í öllum könnunar- og myndaprófum Ná þarf að lágmarki 5,0 í meðaleinkunn úr Innuprófum Ná þarf að lágmarki 4,5 í meðaleinkunn til að standast áfanga		
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Heiti		Vægi
	Lotupróf		50%
	Gagnapróf		32%
	Hópverkefni		8%
	Mæting og virkni		10%

Reglur áfanga	Samkvæmt aðalnámskrá ber nemendum að mæta í allar kennslustundir (sjá mætingarreglur FS). Slökkt skal vera á farsímum í tímum, nema með gefnu leyfi kennara.
Annað sem kennari vill láta koma fram	Ef nemandi fellur eða missir af lotuprófi þá er hægt að taka það upp í stoðtíma eða í lok annar. Þessi áætlun er birt með fyrirvara um breytingar sem á henni geta orðið.

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - ytri og innri gerð líffæra þeirra líffærakerfa sem fjallað er um og latnesk heiti þar að lútandi - starfsemi þeirra líffærakerfa sem farið er yfir hvernig starfsemi líffærakerfanna tengist innbyrðis og viðheldur innri stöðugleika líkamans	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - nota latneskheiti við að lýsa afstöðu líffæra og líffærahluta - tengja byggingu líffæra-og líffærahluta við starfsemi þeirra - tengja í heild starfsemi líffærakerfanna - rekja og útskýra flókin lífeðlisfræðileg ferli - dýpka þekkingu sína í faginu með fjölbreyttri heimildavinnu
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - nýta þekkingu sína og leikni í líffæra-og lífeðlisfræði í öðrum námsgreinum og starfi - greina á milli heilbrigðrar líkamsstarfsemi og frávika frá henni - taka þátt í faglegri umræðu er varðar líffæra-og lífeðlisfræði - meta trúverðugleika töfralausna um bætta heilsu - bera ábyrgð á eigin heilsu	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst.	60 klst.
Heimavinna	15 vikur x 2 klst.	30 klst.
Undirbúningur f. kaflapróf	11 kaflapróf	11 klst.
Undirbúningur f. lotupróf	4 lotupróf	8 klst.
Hópavinna	2 verkefni	4 klst.
Alls		113 klst. = 5 feín*

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.- 26. ágúst	Kynning 14.kafli – Hjarta- og æðakerfið - Blóð	
2. vika 29. ágúst - 2. sept.	14.kafli – Hjarta- og æðakerfið - Blóð	Gagnapróf – 14.kafli
3. vika 5. - 9. sept.	15.kafli – Hjarta- og æðakerfið -Hjarta	Gagnapróf – 15.kafli
4. vika 12. - 16. sept.	15.kafli – Hjarta- og æðakerfið – Hjarta 16.kafli – Hringrásarkerfið	Hópverkefni - hjartasjúkdómar Gagnapróf – 16.kafli
5. vika 19. - 23. sept.	16.kafli – Hringrásarkerfið Lotupróf	Lotupróf 1 – kaflar 14-16
6. vika 26. – 30.sept.	17.kafli – Vessa- og ónæmiskerfið	Gagnapróf 17.kafli
7. vika 3. - 7. okt. Námsmatsdagur	18.kafli – Öndunarkerfið	Gagnapróf – 18.kafli
8. vika 10. – 14. okt.	18.kafli – Öndunarkerfið Lotupróf	Lotupróf 2 – kaflar 17-18
9. vika 17. - 21. okt.	19. kafli – Meltingarkerfið	Stoðtími í síðasta tíma dagsins
10. vika 24. - 28. okt. <i>Vetrarleyfi 24. og 25. okt.</i>		VETRARFRÍ !
11. vika 31.okt. - 4. nóv.	19.kafli – Meltingarkerfið 20.kafli – Efnaskipti og næring	Gagnapróf 19.kafli Gagnapróf 20.kafli
12. vika 7. - 11. nóv.	21.kafli – Þvagkerfið Lotupróf	Lotupróf 3 – kaflar 19-20
13. vika 14. - 18. nóv.	21.kafli – Þvagkerfið 22.kafli – Vökva- og rafvakajafnvægi	Gagnapróf – 21.kafli Gagnapróf – 22.kafli
14. vika 21. - 25. nóv.	23.kafli – Æxlunarkerfið Lotupróf	Lotupróf 4 – kaflar 21-22
15. vika 28. nóv. - 2. des.	23.kafli – Æxlunarkerfið 24.kafli – Þroski Upprifjun - hópverkefni	Gagnapróf - 23.kafli Gagnapróf – 24.kafli Hópverkefni - spurningar
16. vika 5.-7.des.	Samantekt – stoðtími	Upptaka á prófum

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf,

Kveðja frá Kiddý